



FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBRAUTASKÓLANS Í GARÐABÆ

5. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2019, MIÐVIKUDAGINN 23. okt. KL. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf:

Nemandi sækir um undanþágu í stærðfræði til stúdentsprófs – vísað til kennslustjóra í stærðfræði til umsagnar og svo til skólameistara til afgreiðslu

Nemandi óskar eftir að færa lokapróf í EÐLI2ra05 – vísað til prófstjóra

Einn nemandi sagði sig úr námi.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Lögð var fram áætlun um fjármál salsaballs í nóvember. Umræða var um listamenn, staðinn og fleira. Auglýsa á dagsetninguna fljótlega. Gert er ráð fyrir að seldir miðar verði 800.

FG-Flensborgardagurinn tókst ekki eins og væntingar stóðu til. Nemendur FG voru óánægðir með aðkomu nemenda í Flensborg að undirbúningi og frágangi vegna dagsins og fannst framkoma þeirra óásættanleg.

Skemmtilegt fótboltamót er framundan.

Sala á FG peysum hefði mátt ganga betur.

3. Önnur mál

Önnur mál voru engin.

Fundinn sátu:

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Eygló Birna Schiöth Gunnarsdóttir fjármálastjóri NFFG

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri og fundarritari

Natalía Erla Arnórsdóttir forseti NFFG

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi